

Land og skógur Stjórnskipulag

Nóvember 2025



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Skipurit LOGS	5
Hlutverk sviða	7
Skilgreining á sviði og teymi	8
Verkefni kjarnasviða	9

Fyrirvari

Eftirfarandi skjal inniheldur tillögu að nýju skipuriti fyrir Land og skógar (LOGS) sem var mótað í kjölfar stefnumótunar stofnunarinnar sem KPMG vann að á tímabilinu ágúst-nóvember 2025.

Niðurstöður byggjast á greiningum fyrirbyggjandi gagna, viðtölum og fundum með hagaðilum.

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um traustar heimildir sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstaðna skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum þeirra sem að málinu kunna að koma.

Tengiliðir verkefnis

Sævar Kristinsson	Jóhanna G. Guðmundsdóttir	Magnús Kristjánsson
Verkefnastjóri	Sérfræðingur	Hluthafi
S: 824-2424	S: 846-5371	S: 545-6543
skristinsson@kpmg.is	johannagudmunds@kpmg.is	mkristjansson@kpmg.is

Breytt stjórnskipulag í takt við nýja stefnu

Samantekt þessi inniheldur yfirlit um nýtt skipulag Lands og skógar (LOGS). Stjórnskipulagið tekur mið af breytingum vegna stefnu LOGS 2026-2030 og endurspeglar samþætta starfsemi stofnunarinnar. LOGS var stofnað árið 2023, með sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar. Á þeim tíma var búið til skipulag sem að hefur nú verið endurskoðað í takt við kröfur og væntingar til starfseminnar.

Ljóst er að starfsemi LOGS þarf að taka mið af sameinaðri stofnun Landgræðslunnar og Skógræktarinnar og því er hér verið að samþætta kjarnasvið og endurskipuleggja stoðsvið. Meðal þeirra breytinga sem nú er farið í eru:

01

Sameina kjarnasvið í þeim tilgangi að samþætta starfsemi LOGS

02

Skerpa á ábyrgðarhlutverkum málaflokka og verkefna

03


Leggja áherslu á teymisvinnu milli sviða til að nýta þekkingu sem best

Þættir sem skipta máli við mótun skipulags

Það eru margir þættir sem taka þarf tillit til við mótun skipulags. Sumir þessara þátta eru áþreifanlegir og auðvelt að skilgreina, en aðrir eru huglægir og matskenndir. Í nálgun KPMG er leitast við að taka tillit til allra þessara þátta.

Áþreifanlegir og auðskilgreindir

Þættir sem þarf að huga að við hönnun skipulagsheilda.




Huglægir og matskenndir

Þættir sem styðja við áþreifanlega þætti skipulags og hafa bein áhrif á þann árangur sem næst.

Skipurit LOGS



Skipurit LOGS – einfölduð útgáfa



Hlutverk sviða LOGS

Kjarnasvið

Þjónusta, ráðgjöf og umbreyting (ÞRU)

Hlutverk ÞRU er að vera brúin milli þekkingar og framkvæmdar og tryggja að þjónusta stofnunarinnar hafi raunveruleg áhrif. Það felur í sér að veita faglega og skilvirka þjónustu sem uppfyllir þarfir hagaðila og styður markmið LOGS, sem og innleiðingu á kröfum í sjálfbærri landnýtingu.

Rannsóknir, vöktun og árangur (RVÁ)

Hlutverk RVÁ er að vera þekkingargrunnur og nýsköpunarafl LOGS. Sviðið safnar gögnum og greiningum til að skapa trausta þekkingu sem styður við ákvarðanir í ráðgjöf og þjónustu LOGS. Sviðið vaktar stöðu og þróun lykilþátta í sjálfbærri landnýtingu og mótar nýjar lausnir.

Þjóðskógar, lönd og innviðir (ÞLI)

Eru í framkvæmdarhlutverki gagnvart löndum og skógum í eigu ríkisins og á ábyrgð LOGS og samstarfsaðila. Jafnframt sér sviðið um fasteignir á löndum LOGS og umsjón með ferðamannastöðum og öðrum innviðum í umsýslu stofnunarinnar.

Stoðsvið

Mannauður og miðlun (MM)

Stoðsviðið sér um að tryggja skilvirkt upplýsingaflæði til innri og ytri hagaðila með faglegri miðlun. Sviðið ber auk þess ábyrgð á að hlúa að sterkum mannauði, sjá um ráðningar, launavinnslu og hæfniuppbyggingu.

Rekstur, fjármál og stafræn þróun (RFS)

Hlutverk stoðsviðsins er að tryggja að innra skipulag stofnunarinnar séu traust og skilvirkt og framtíðarhæft. Það felur í sér yfirsýn og umsjón landupplýsinga, daglegan stuðning við starfsemi, þ.á m. innkaup, húsnæði innra starfs LOGS og rekstraröryggi. Sviðið ber ábyrgð á fjármálum, áætlanagerð, kostnaðareftirliti og gagnsæjum fjárhagsupplýsingum, sem og öryggi gagna, kerfa og rekstrarferla. Jafnframt sinnir það innleiðingu og þróun tæknilausna sem auka skilvirkni, bæta þjónustu og styðja nýsköpun.

Skrifstofa forstöðumanns (SF)

Hlutverk SF er að halda utan um heildarstefnu og sýn LOGS. Í því felst ábyrgð á stefnuáherslum og árangursmælikvörðum, samskipti við ráðuneyti, stjórnvöld og lykilhagaðila, ábyrgð á samræmingu sviða og samþættingu verkefna sem og lögfræðileg úrlausnarefni og umsagnir.

Skilgreining á sviði og teymi

Svið

Svið skiptast annars vegar í kjarnasvið og hins vegar í stoðsvið.

- Hjá LOGS eru þrjú kjarnasvið:
 1. Þjónusta, ráðgjöf og umbreyting
 2. Rannsóknir, vöktun og árangur
 3. Þjóðskógar, lönd og innviðir
- Stoðsviðin eru tvö ásamt skrifstofu forstöðumanns;
 1. Mannauður og miðlun
 2. Rekstur, fjármál og stafræn þróun
- Sviðum er stjórnað af sviðsstjórum

Teymi

Teymi vinnur saman að sameiginlegu markmiði eða verkefni. Það er oft skipulagt innan ákveðins hóps eða verkefnis og getur verið þvert á svið. Áhersla er lögð á að tryggja samhæfingu og samstarf á milli sviða eins og heppilegast þykir til árangurs.

- Skýr verkefni og ábyrgðarsvið
- Regluleg samvinna í kringum verkefni
- Oft með teymisstjóra eða verkefnastjóra
- Árangur teymis er metinn út frá afköstum og árangri verkefna
- Spretthópar og vinnuhópar geta verið dæmi um teymi

Verkefni kjarnasviða

Þjónusta, ráðgjöf og umbreyting

- Ráðgjöf og áætlanagerð í sjálfbærri landnýtingu
- Umsjón með hvata- og stuðningsverkefnum í sjálfbærri landnýtingu
- Úttektir og eftirfylgni
- Innleiðing gæðaviðmiða, gæðastaðla, reglna og reglugerða í sjálfbærri landnýtingu

Rannsóknir, vöktun og árangur

- Rannsóknir og þróun aðferða í sjálfbærri landnýtingu
- Umsjón með vöktunarverkefnum LOGS
- Umsjón með landnotkunarluta loftslagsbókhalds Íslands (LULUCF)
- Árangursmat verkefna í sjálfbærri landnýtingu
- Þróun vottunarkerfa í sjálfbærri landnýtingu
- Rekstur rannsóknarstofa

Þjóðskógar, lönd og innviðir

- Umsjón með þjóðskógum, landgræðslusvæðum og öðrum ríkislöndum
 - Innviðir og útivist, ferðamannastaðir, fræðslu- og göngustígar
 - Útleiga/útboð/auglýsingar landgæða
 - Landamerki, girðingar og afmörkun umsjónarsvæða
- Verkefni LOGS og samstarfsaðila í sjálfbærri landnýtingu
- Framboð á fræi, trjáplöntum og áburðarefnum
- Umsjón með rekstri, viðhaldi og notkun véla og tækja

Verkefni stoðsviða og skrifstofu forstöðumanns

Mannauður og miðlun

- Mannauðsmál og ráðningar
- Launavinnsla
- Miðlun, samskipti og viðburðir
- Skjöl og gæðastjórnun
- Vinnumhverfi og aðbúnaður

Rekstur, fjármál og stafræn þróun

- Fjármál, bókhald, verkbókhald, uppgjör verkefna og áætlanagerð
- Landupplýsingaþjónusta
- Stafræn þróun, upplýsingatækni
- Innkaup
- Bifreiðar og húsnæði innra starfs LOGS

Skrifstofa forstöðumanns

- Stjórnsýsla og stefnumörkun
- Lögfræðileg úrlausnarefni og umsagnir
- Alþjóðasamskipti
- Lands- og svæðisáætlanir



Land og skógur

- leiðandi í sjálfbærri landnýtingu -